

34. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 24. júlí 2017 kl. 10-10:45, símafundur.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Auk þess tók Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri þátt í fundinum.

Meginverkefni fundarins var að fara yfir fyrirbyggjandi dagskrá vegna úttektarinnar framundan, en úttektaraðilarnir koma til landsins á morgun. Brynja fór yfir dagskrána en tekist hefur að bregðast við nær öllum þeirra 17 athugasemda sem gerðar voru við úttektina 2015. Ásgeir formaður lýsti yfir ánægju sinni við undirbúning úttektarinnar og tóku aðrir stjórnarmenn undir það. Brynja, Sigurður og Hörður munu verða með úttektaraðilunum en auk þess koma ýmsir aðrir að verkefninu, m.a. aðrir stjórnarmenn.

Þá var rætt stuttlega um samantekt Sigurðar varðandi mögulegan fund/ráðstefnu European Geoparks Network í Kötlu jarðvangi en gert er ráð fyrir að slíkur fundur/ráðstefna sé haldinn innan tíu ára frá inngöngu í netverkið. Samþykkt að skoða nánar með fund í Kötlu jarðvangi í mars 2021, einnig kæmi til greina fundur í september 2021 en hæpið að nægileg fundaraðstaða sé til staðar í jarðvanginum fyrir ráðstefnuna í kjölfar septemberfundarins.